# Afsalsbréf o.fl. v. laxveiðiréttindi í Elliðaám. 1837-1853

Aðfnr. 1352, örk 8

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Skönnun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Nº 66

# Stephan Gunlögsen

**Hans Konúnglegu Hátignar til Danmerkur &. Sýslumadur í Kjósar= og Héradsdómari í Gullbringu Sýslu,** samt Auctionshaldari samastadar, **Kunngjörir:** ad árid 1837, þann 20ta Febr:, var Auctions=réttur settur ad Reykjavík med útnefndúm vottum, hvar þá var samqvæmt Stiptamtsins leyfisbréfi, hvørted er dagsett þann 25ta Januar f: á:, uppbodin til hærstbjódanda Kóngsjørdin, Bústadir, undir þessum auglýstum skilmálum:

1.

Uppbodid skédur í Ríkisbánkapeníngum reidú Silfurs, og Jørdin samt innistædu Kúgildin seljast án nokkurs álags eda uppbótar frá seljanda eda Landsdrottni og ad øllu leiti í því ástandi sem þau fyrirfúndust.

2.

Innistædu Kúgildin seljast adskilin frá jørdunni.

3.

Ekkért innistædu Kúgildi má héreptir vera á jørdunni, ekki heldur má mannslán, hvørki í peníngum né heldur in natura krefjast af leigulidum.

4.

Af uppbodssummunni borgist strax ⅓ partur, en løgleg vedsetníngarskrá útgéfist fyrir enum ⅔ portum, hvaraf árlega 4 pCto rentur gjaldist til Jardabókar=Kassans uns allri skuldinni væri lokid, en bregdist sú árlega borgun á rentunum, þá á slikt ad orsaka ad allur høfudstóllinn ásamt øllum áføllnum rentum og kostnadi hljóti ad fullu og øllu ad borgast í einu á þeim þar á eptir næstkomandi gjalddaga, sem er sérhvørs árs 11ta Júnii termin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Allann af uppbodinu løglega leidandi kostnad gjaldi kaupandi til Auctionshaldarans samqvæmt þaryfir sømdum reikningi.

6.

Þad er ad øllu leiti komid undir Hans Konúnglegu Hátignar allrahærsta og allra nádugasta vilja hvørt þad hærsta Auctions bod verdur samþykkt, ef Amtid ad sínu leiti áliti þad nógu hátt til þess, ad tilhlýdilegt vyrdtist ad skýra Kóngdóminum frá slíku bodi, en á medan á slíku stadi, sé hærstbjódandi skyldugur til ad standa vid Auctions = bod.

7.

Abúandinn á Jørdunni má gánga ad því hærsta bodi, ef hann óskar þess, ádurenn Auctions = hamarinn fellur, og tilsleigid verdur þeim, er hærst baud.

8.

Kaupandi haldi kaupi sínu til laga og gjaldi allann kostnad af þinglýsíngunni.

Þarnærst var, uppbodin:

a. Konúngs Jørdin *Bessastadir*
og eptir bod og yfirbod vard *fyrrum settur Sýslumadur i Árness Sýslu, Hr: Administrator J: Johnsen*, hærstbjódandi ad þeirri sømu fyrir þá peninga, upphæd, *# 430 Rbdr n: S:* skrifa *fiögur hundrud og þriátýgeð Rigsbankdalar reidu silfurs.*

b. *2* innistædu Kúgildi tédrar Jardar, og vard *velnefndur Herra Administrator J: Johnsen, á St: Armóti*, hærstbjódandi þarad, fyrir *# 34* skrifa *þriátýger og fióra Rikisbd: reidu silfurs.*

Tilslagid skédi samqvæmt Auctions skilmálunum.

Og med því Hans Konúnglega Hátign hefir med allrahærstum úrskurdi frá *17da Maii þessa árs* samþykkt þvílík bod, og kaupandi einnig fullnægt Uppbods = skilmálunum, þá affala eg hérmed samqvæmt Stiptamts skipun frá *15da Augústi næsteptir*, og tilskipun af 19da Dec. 1693 §. 17. téda Jørdu *Bústadi, 10h*, og *2* Kúgildi, frá Hans Konúnglegu Hátign í full-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komnustu eignar umráð velnefnds Herra Administrators J. Johnsens, ásamt øllum Jardarinnar herlegheitum og réttug-heitum til lands og vatns til ytstu ummerkja, ad hún sé kaupandans fullkomnasta eign og ódal hédanífrá, og hvørja hann hagníti sér uppá sérhvørn þann løglegann hátt sem hann best veit, vill eda gétur.

Kjósar- og Gullbringu-Sýslu Skrifstofu þann 30te Sept: 1837.

**Þetta affalsbréf stadfestist enn fremur med minni egin handar undirskrift og embættis innsigli.**

S. Gunnlögsen

Gebyhr: 1 Rbdlr ~~Rbsk. S. M.~~
er einn Ríkisbánkadalur
~~Ríkisbánkaskildíngar~~ í Silfur Mynt.
Borgad. St. G.

Affalsbréf
fyrir Jørdunni Búfstødum, 10 , skrifa tíu hundrud ad dýrleika,
ásamt 2ur Kúgildum.

Innført i Kjósar- og Gullbringu Sýslu Undirtektinga- og Affals-bréfa Bók No. 2 under No. 66 þann 23te Julii 1838.

Vitnar
S. Gunnlögsen

Gebyhrid
bódin . . . 24 r. s.
eru tuttugu og fjórir Skild.
reidu silfurs — [illegible]

S. Gunnlögsen

Læst for Mandtalsthingsretten i Reikevig den 21 Juni 1839.

Moed

Gebyhr for Tinglæsningen 1 Rd. 0 ß
betalt med een Rigsbankd. 0 ß [illegible]

Moed

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ad No 6 litra a

Fremlagt for Extraret i Reykjavik den 13 Aug 1849

Christiansson

const.

9 ß

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur